

## 8. fundur

### Fundargerð skólaráðsfundar 19. maí 2011.

Mætt voru: Sigrún Bjarnadóttir, Magnea Einarsdóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Eiríkur Ólafsson, Rúna Björk Þorsteinsdóttir, Særún Sigurjónsdóttir, Össur Geirsson, Kristján Óli Ingvarsson og Kristófer Eggertsson.

- Skólastarfið
  - Farið var yfir helstu viðburði í skólastarfinu undanfarnar vikur.
  - Nemendur kynntu niðurstöður fundar nemendaráðs og óskir þeirra um umbætur í skólastarfinu.
- Mat á skólastarfi
  - Greint var frá stofnun matshóps sem vinnur að matsskýrslu úr þeim gögnum sem safnast hafa í vetur. SVÓT greining foreldra og starfsmanna, skólapúlsinn, kannanir á líðan í 1. – 5. bekk, eineltiskönnun og niðurstöður úr starfsmannaviðtölum.
- Endurmenntunaráætlun
  - Endurmenntunaráætlun næsta skólaárs kynnt
- Starfsáætlun
  - Starfsáætlun næsta skólaárs kynnt. Gerðar voru athugasemdir við tímasetningu eineltiskönnunar í maí og rætt um að hún yrði lögð fyrir fyrir á skólaárinu. Athugasemd kom með að bæta við spurningakeppni á miðstigi. Einnig var rætt um útfærslu vorhátíðar.
- Mötuneytismál
  - Búið er að auglýsa eftir matráði við skólann. Ræddar voru hugmyndir um að allur maturinn yrði framreiddur í Hjalla og ekið með hann yfir í Digranes.
- Önnur mál
  - Nýr fulltrúi foreldra í skólaráði er Ragnheiður Bóasdóttir. Varamenn eru Svanhildur Anja Ástþórsdóttir og Selma Guðmundsdóttir.
  - Athugasemdir komu á aðalfundi foreldrafélags skólans um að fundargerðir skólaráðs bærust seint inn á heimasíðu skólans. Skólaráð ræddu hvernig staðið yrði að úrbótum.
  - Rætt um vorhátíð foreldrafélagsins og Pegasus sem haldin var 18. maí. Bæta þarf skipulag varðandi skiptingu leiktækja á milli nemenda eftir aldri.